

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Hljómfræði F1 - númer

Haustönn 2022

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkrör: M2

Hæfniþrep

Einingafjöldi:

### Áfangalýsing:

Hér læra nemendur um hljóma og grunnatriði í hljómferli og raddfærslu. Eingöngu er unnið með þríhljóma í dúrtóntegundum og stuðst í aðalatriðum við nálgun Arnolds Schönbergs. Tengsl heimahljóma hvers við annan eru skoðuð, fyrst með alla hljóma í grunnstöðu en síðan er sexundar- og fersexundarhljómum bætt við. Raddsvið eru tekin fyrir, hljómakort útskýrð og unnin, hljómar tengdir og raðsettir, hugað að sterkum og veikum hljómasamböndum og mismunandi gerðum aðalendis.

### Námsmarkmið:

#### Þekking:

Nemandi þekki þríhljóma, byggingu þeirra og hvernig þeir eru undirstaða samhljóms í vestrænni tónlistarhefð. Hann þekki hvernig þeir verða heimahljómar í dúrtóntegundum og tengjast og mynda hljómræna framvindu og röðun þeirra í hljómakort. Jafnframt þekki hann hvernig hljómnótur dreifast á aðalraddirnar fjórar eftir raddsviði raddanna, grunnstöðu hljóma og hljómhvörf og hvernig stöður þeirra móta bassalínu. Þá kunni hann skil á sterkum og veikum hljómasamböndum, meðferð minnkaðra hljóma og mism. gerðum aðalendis.

#### Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að þekkja og greina þríhljóma í öllum dúrtóntegundum og byggja upp sannfærandi hljómaframvindu með því að raða þeim saman. Hann skal hafa öðlast færni í að skipa þeim í hljómakort og virkja hentuga rödd fyrir hverja hljómnótum í hljómfærslu. Hann geti við raddfærslu greint og skráð með liprum hætti hljómhvörf í bland við grunnstöðu, missterk hljómasambönd og aðalendi svosem tíðkast hefur samkvæmt hefð.

#### Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér ekki síst átt við að hann geti skrifað út og greint hljómaframvindu í einföldum raddskrám með þríhljómum í dúrtóntegundum. Einnig telst nemandi nú vel hæfur og til að hefja nám í hljómfærslu í molltóntegundum.

#### Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, vinnublöð sem nemandi fær í tínum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg hljómfærsluverkefni		100 %

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (5. – 9. Sept 2022)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Þríhljómar í grunnstöðu, röðun þeirra sem heimahljóma í hinum ýmsu dúrtóntegundum og hljómakort með þeim.	
2. vika (12. – 16. Sept 2022)	Raddirnar sópran alt, tenór og bassi, raddsvið þeirra og skriftarvenjur tengdar þeim. Grunnatriði í raddfærslu.	
3. vika (19. – 23. Sept 2022)	Heimahljómar tengdir saman í pör og venjur þar að lútandi.	
4. vika (26. – 30. Sept 2022)	Haldið áfram með að tengja hljóma saman í pör. Hljómar einnig tengdir í lengri raðir og háttalag við það.	
5. vika (3. – 7. Okt 2022)	Hljómar tengdir í lengri raðir og þjálfun í að vinna þær og greina..	
6. vika (10. – 14. Okt 2022)	Hljómar tengdir í lengri raðir og þjálfun í að vinna þær.	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

7. vika (17. – 21. Okt 2022)	vii°- sætið og meðferð þess.	
8. vika (24. – 28 Okt 2022)	Hljómaraðir með vii°. -sætinu og vinnsla þeirra.	
9. vika (31. Okt – 4. Nón 2022)	Tengingar hljóma án sameiginlegra tóna og vinnsla þeirra.	
10. vika (7. – 11. Nón 2022)	Sexundarstaða og hljómakort og hljómferli með sexundarstöðu.	
11. vika (14. – 18. Nón 2022)	Sexundarstaða og hljómakort og hljómferli með sexundarstöðu.	
12. vika (21. – 25. Nón 2022)	Fersexundarstaða og hljómakort og hljómferli með fersexundarstöðu.	
13. vika (28. Nón – 2. Des 2022)	Fersexundarstaða og hljómakort og hljómferli með fersexundarstöðu. Gerðir aðalendis.	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

14. vika (5. – 9 Des 2022)	Sterk og veik hljómasambönd, framvinda og raddfærsla með öllum þeim atriðum sem farið hefur verið í.	
15. vika (12. – 16. Des 2022)	Raddfærsla með öllum þeim atriðum sem farið hefur verið í, sýnispróf skoðað.	
16. vika (19. – 22. Des 2022)	Lokapróf úr námsefninu sem farið hefur verið í	Próf